

# LEIÐBEININGABLAÐ 4

## UM BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga og er gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna. Þar er sett fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar ef nauðsynlegt þykir að tryggja sameiginlega hagsmuni, útfæra landsskipulagsstefnu eða samræma landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi. Stefnumörkun svæðisskipulags skal ná til minnst 12 ára tímabils.

Ef í gildi er svæðisskipulag skal starfrækt svæðisskipulagsnefnd sem sér um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Skipulagsákvæðanir nefndarinnar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og skal nefndin senda þeim fundargerðir sínar.

Í 27. gr. skipulagslaga segir: “Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.-25. gr.”

Frekari kröfur um innihald, framsetningu gagna og málsmeðferð svæðisskipulags og breytinga á því eru skilgreindar í skipulagsreglugerð.

## FERLI

Við upphaf vinnu svæðisskipulagsnefndar að tillögu að breytingu þarf að taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Leita skal umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila um lýsingu, kynna hana fyrir almenningi og sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og leita samþykkis sveitarfélaga, sem aðild eiga að svæðisskipulaginu.

Áður en svæðisskipulagsnefnd samþykkir breytingartillögu til auglýsingar skal tillagan ásamt umhverfisskýrslu kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.

Endanleg breytingartillaga er að lokinni kynningu lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Að fengnu samþykki sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu ásamt umhverfisskýrslu til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Hafi stofnunin ekki gert athugasemdir innan 4 vikna frá því að tillaga barst skal hún auglýst óbreytt skv. 24. gr. skipulagslaga. Telji stofnunin að tillagan fullnægi ekki kröfum reglugerðar um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags um breytingar við nefndina. Náist ekki samkomulag er nefndinni engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en þá ásamt athugasemdunum.

Nefndin auglýsir breytingartillögu ásamt umhverfisskýrslu með áberandi hætti og í Lögbirtinga-blaðinu. Skipulagsgögnin skulu vera aðgengileg á netinu, hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og hjá Skipulagsstofnun eigi skemur en 6 vikur og er athugasemdafrestur að lágmarki sá tími.


Að athugasemdafresti liðnum tekur svæðisskipulagsnefnd tillöguna til umfjöllunar að nýju og tekur afstöðu til athugasemda. Nefndin sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum tillögu sína að svæðisskipulagsbreytingu ásamt athugasemdum og umsögnum um þær, innan 12 vikna frá því frestur til athugasemda rann út. Sveitarstjórnir skulu senda nefndinni afgreiðslur sínar innan 6 vikna frá því nefndin sendi þeim tillöguna til athugunar.

Þegar breyting hefur verið samþykkt sendir nefndin hana ásamt athugasemdum og umsögnum sínum og sveitarfélaganna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Jafnframt skal nefndin auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim sem athugasemdir gerðu umsögn sína.

Skipulagsstofnun skal staðfesta breytingu innan 4 vikna frá því að hún barst og auglýsa gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Breytingin öðlast gildi þegar hún hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ef Skipulagsstofnun telur að synja beri svæðisskipulagsbreytingu vegna form- eða efnisgalla í málsmeðferð eða gerð skipulags skal stofnunin senda skipulagið ásamt rökstuðningi sínum til afgreiðslu umhverfisráðherra.

## FERLI breytingar á svæðisskipulagi



### 1. Lýsing til kynningar fyrir almenning og Skipulagsstofnun:

- ◆ Lýsing þar sem gerð er grein fyrir:
  - Aðdraganda og tilgangi breytingar, helstu forsendum og viðfangsefni auk lýsingar á umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu.
  - Yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið ef með þarf.
  - Upplýsingar um hvernig staðið verður að umhverfismati breytingartillögu s.s. hvaða viðfangsefni hennar eru líkleg til að valda áhrifum á umhverfi og hvaða umhverfisþættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir tengslum við aðrar áætlanir og umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda sem varða tillöguna.
  - Skipulagsferlið s.s. helstu verkáfangar, tímasetningar þeirra og hvernig kynningu, samráði og aðkomu almennings verður háttáð.

### 2. Til athugunar hjá Skipulagsstofnun áður en tillaga er auglýst:

- ◆ Greinargerð með:
  - Lýsingu á þeim breytingum frá staðfestu svæðisskipulagi sem tillagan felur í sér.
  - Rökstuðningi fyrir breytingunni, þ.m.t. forsendur, ástæður og áhrif breytingar.
  - Umhverfisskýslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum breytingar á umhverfi í samræmi við ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, ef við á.
  - Ef greinargerð er ekki sett fram á uppdrætti heldur í sérstöku skjali þarf að vísa til hennar á uppdrætti.
- ◆ Uppdráttur (ef við á) sem sýnir:
  - Gildandi svæðisskipulag á því svæði sem breytingin nær til og afmörkun hennar.
  - Báðir hlutar uppdráttar skulu vera í sama mælikvarða og staðfest svæðisskipulag. Skýringartákn skulu sýnd eftir því sem við á. Vísa þarf til sérstæðrar greinargerðar.
  - Samþykktar- og staðfestingartexti þarf að koma fram á greinargerð og uppdráttum.
- ◆ Umsagnir viðeigandi stofnana um tillöguna.

### 3. Í auglýsingu tillögunnar þarf að koma fram:

- ◆ Tilvísun í 27. gr. skipulagslaga og hvort umhverfisskýrsla fylgi skipulagsgögnum.
- ◆ Heiti og ártal gildandi skipulags auk heitis þess svæðis sem breytingin tekur til.
- ◆ Lýsing á því hvað felst í breytingunni.
- ◆ Hvar tillagan er til sýnis og hve lengi.
- ◆ Tímamörk til að gera athugasemdir og hvert skila skuli athugasemdum.

Auglýsingu skal birta í Lögbirtingablaðinu, með áberandi hætti, t.d. í dagblaði og/eða héraðsfréttablaði og á netinu.

Mælt er með að auk lögboðinnar kynningar vekji svæðisskipulagsnefnd sérstaklega athygli þeirra sem ætla má að breytingin varði, t.d. með dreifibréfi eða kynningarfundum.

### 4. Til staðfestingar Skipulagsstofnunar:

- ◆ Afrit af auglýsingum um breytingartillöguna og lýsing á samráði og kynningu.
- ◆ Samþykkt og undirrituð skipulagsgögn, í einu eintaki. Skipulagsstofnun mun kalla eftir undirrituðum gögnum í fjórum eintökum, ásamt einu eintaki fyrir hvert sveitarfélag og umhverfisskýrslu, þegar yfirferð er lokið.
- ◆ Afrit af umsögnum viðeigandi stofnana og athugasemdum sem bárust.
- ◆ Greinargerð svæðisskipulagsnefndar með endanlegri afgreiðslu þ.e. rökstuðningur fyrir endanlegri afgreiðslu skipulagsbreytingar og hvernig tekið var tillit til athugasemda og niðurstöðu umhverfismats.
- ◆ Afgreiðslur sveitarstjórna.
- ◆ Afrit af auglýsingu svæðisskipulagsnefndar um niðurstöðu sína og afrit af svarbréfum vegna athugasemda.

## 1. Skipulagsgreinargerð og/eða uppdráttur tillögu að breytingu

|  |  |
|--|--|
| <p><b>Breyting á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 2011-2023 - breytt stefna um legu háspennulína í Staðarhreppi og Hólshreppi</b><br/>(heiti breytingar lýsi efni tillögunnar og stað, ef við á)</p> <div style="border: 1px solid black; padding: 5px; margin-bottom: 5px;">Skýringarmynd 5, svæðisskipulag</div> <div style="border: 1px solid black; padding: 5px;">Tillaga að breytingu á skýringarmynd 5</div> | <p>Greinargerð</p> <p>Lýsing á því svæði sem breytingin tekur til, í hverju breytingin felst og hverjar forsendur hennar og áhrif eru auk rökstuðnings fyrir breytingunni.</p> <p>Kafla 5.4.3. Háspennulínur fyrir og eftir breytingu.</p> <p>Að lokinni auglýsingu: Einnig greinargerð um hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfissjónarmiðum, rökstuðningur fyrir endanlegri tillögu og vöktunarætlun.</p> <p>Samþykkt og staðfesting<br/>Svæðisskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd þann ____ 2011.</p> <p style="text-align: center;">_____</p> <p>Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulasstofnun þann ____ 2012.</p> <p style="text-align: center;">_____</p> |
|--|--|

## 2. Auglýsing tillögu með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu og á netinu

### Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 2011-2023 breytt stefna um legu háspennulína í Staðarhreppi og Hólshreppi

Svæðisskipulagsnefnd Suðurfjarða auglýsir skv. 27. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á svæðisskipulagi. Tillagan samanstendur af breytingaruppdrætti með áfaster greinargerð auk umhverfisskýrslu.

Gerð er tillaga um að stefnu um legu háspennulína meðfram stofn- og tengivegum verði breytt í Staðar- og Hólshreppum á þann veg að háspennulínur verði ekki leyfðar meðfram vegum innan verndarsvæða og meðfram sjó. Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofum Staðarhrepps, Hvammi 3 Þorgeirsfirði, Hólshrepps á Laugarbakka, Fjarðarhrepps á Krosshóli og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík, frá og með miðvikudeginum 4. janúar nk. og til og með miðvikudeginum 15. febrúar 2012. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðum sveitarfélaganna.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 15. febrúar 2012. Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu svæðisskipulagsnefndar Suðurfjarða á Hofi, 355 Hólshreppi.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurfjarða

## 3. Auglýsing svæðisskipulagsnefndar um niðurstöðu sína

### Breyting á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 2011-2023, breytt stefna um legu háspennulína í Staðarhreppi og Hólshreppi

Svæðisskipulagsnefnd Suðurfjarða samþykkti þann 20. mars 2012 tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 2011-2023. Breytt var stefnu um legu háspennulína í Staðarhreppi og Hólshreppi á þann veg að línur eru ekki leyfðar meðfram vegum á verndarsvæðum og meðfram sjó.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar frá 4. janúar til 15. febrúar 2012 og bárust 2 athugasemdir, sem ekki gáfu tilefni til breytinga. Nefndin sendi sveitarstjórnunum á Suðurfjörðum tillögu sína að skipulagsbreytingu ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær og samþykktu þær auglýsta breytingu óbreytta. Nefndin hefur afgreitt svæðisskipulagsbreytinguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar og svarað innkomnum athugasemdum.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurfjarða

### SKIPULAGSSTOFNUN

Laugavegi 166 • 150 Reykjavík  
Sími 595 4100 • Bréfasími 595 4165

Tölvupóstur skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is • Heimasíða www.skipulagsstofnun.is